

lofs og dýrðar, — og það sem enn var mest um vert: hann varð að selja drengskap sinn við konungshylli — dýrðlegustu aðals-einkenni norrænu trúarinnar og norræna eðlisins. —

Þar slapp hann þá vonum betur, svo vart mun dæmi slíks um þá, er Ólafs erindi áttu að reka. Hann var sumsé sendur til skattheimtu fyrir konuginn á hendur höfðingja eins, er nefndist Þorleifur hinn Spaki, eins hins ágætasta manns, er ekki hafði þó fengist til að taka saltið í munn sér né klæðast hvítavoðunum að boði Ólafs. Og skatturinn, er Hallfreði var falið að heimta, var hvorki annað né minna en höfuð Þorleifs eður bæði augu hans að öðrum kosti. Hallfreði tókst að svíkjast að Þorleifi og sló út annað auga hans. Var þá sem hann sæi fyrst, hvert niðingsverk hann var að vinna, því hann gaf Þorleifi bæði höfuðið og hitt augað. Er svo að sjá líka, sem Hallfreður hafi ekki þótst þekkja mynd konungsins á skattpeningnum — auganu Þorleifs — því á heimleiðinni stakk hann út auga eins hirðmanns konungsins, óþokka þess, er eitt sinn hafði fengið því áorkað, að Hallfreður var dæmdur til lífláts, þvert ofan í æfilangt griða loforð konungs við Hallfreð.

Það er enginn tími til þess hér, né heldur er það ætlan mín, að rekja stjórnarsögu Íslendinga í þessu sambandi. En óneitanlega benda ýms atriði alla leið ofan frá 1262 í áttina. Um síðasta liðinn, yfir standandi tímenn, er sögunnar einnar að dæma. En betur að niðjar vorir hefðu ekki ástæðu til að segja neitt svipað um konungadýrkun núlifandi stjórnfraðinga eða afleiðingar hennar, og hér hefir sagt verið um Hallfreð.

En svo eg víki betur að síðasta umræðuefninu, metorða sóttinni og útlendingdýrðinni, — þá virðist það einmitt hafa verið og vera enn ein aðalvandráði eða skaplöstur Íslendinga. Ekki svo að skilja, að metnaðarþrá geti ekki verið góð og gagnleg, ef henni fylgir skynsemi og framsóknarþrá þroskaðs mannsanda. En eg á við þessa krabbavöxnu metorðagirnd, sem stingur upp höfðinu hingað og þangað, til dæmis til þess að keppa um sætið við altarishornið, um meðhjálpara-embættið, um eldabuskustöðuna hjá sýslumanninum eða kaupmanninum, eða þá að komast í kunningsskap við póstmeistarann eða bakarann,